

Nóvember

Pési

154.tbl.12. árgangur nóvember 2002
Útgefandi Hrunamannahreppur.
Ritstj. Svanhildur Pétursdóttir
Sími: 486-6617 . Hs. 4863410
GSM.869-3094
E-mail hruni@mmedia.is

Lesendur góðir.

Þá er það næst – síðasti Pésinn á því Herrans ári 2002.
Að venju er hér fjölbreytt efni, og má segja að
aðeins eru farin að sjást þess merki að jólin eru ekki svo
ýkja langt undan.
Sjálfur “jóna Pésinn” er svo væntanlegur föstudag 13.
desember og efni í hann þarf að berast í
síðasta lagi mánud. 9. des . Kveðja Ritstj.

Frá sundlauginni á Flúðum.

Vetraropnun:

Mánud – fimmtudaga	18:00-22:00
Föstudaga	17:00-21:30
Laugard – sunnudaga	13:00-18:00

Frá Búnaðarbankanum Flúðum.

Opnunartímar.

Alla virka daga frá kl. 11:15 – 16:00

opið í hádeginu.

Bankastjóri mætir miðvikudagsmorgna.

Hraðbankinn er alltaf opinn.

Horfinn.

Rauðstjörnnótt meri, frostmerkt á hálsi hvarf frá
Borgarási vikuna 4-8 nóv. Þeir sem telja sig hafa
orðið hennar varir vinsamlega hafi samband við
Hjálm í síma 895-2684.

Tapað – Fundið

Úlpan mín er týnd!!!!!!!

Um er að ræða splunkunýja FILA úlpu.

Hún er svört á litin, með gulbrúnum og
hvítum línunum.

Ef einhver veit um úlpuna vinsamlegast

hafðu þá samband við Óttar í síma **486-5584** eða **486-5611**.

Hár-Hrun

Verðum í Félagsheimili E
föstudagana

15. nóv ,29.nóv
og 13.des.

Pantið tímanleg

Tímarpantanir í síma:

486-6001 Sigrún og 486-5535 Inga Birna.

Einnig á hársnyrtidegi 823-8326 og 899-9665.

Hárgreiðslustofan í Árnosi er opin á
mánudögum og þriðjudögum. s: 486-6084



Ágætu lesendur Pésans.

Í Flúðaskóla teljast vera um 400 manns í Foreldrafélagi en það félag samanstendur af forráðamönnum nemenda skólans og öðrum áhugamönnum um skólann. Þar sem einungis um 20 manns sáu sér fært að mæta á aðalfund félagsins 29. október síðastliðinn höfum við ákveðið, eftir hvatningu frá Önnu Ásmundsdóttur, að birta ykkur skýrslu stjórnar félagsins ásamt lista yfir nýja stjórn. Það gerum við til að upplýsa ykkur um hið mikla starf félagsins sem mörgum er ókunnugt um.

Í þessari skýrslu er einungis stiklað á stóru. Þar er ekki upptalið nærri allt það starf sem tenglar sjá um eða farið ítarlega í það sem stjórnin gerir. Er það von okkar að þið séuð einhvers fróðari eftir þennan lestur.

Skýrsla stjórnar Foreldra og kennarafélags Flúðaskóla, 29. október 2002.

Þá er ellefta starfsári Foreldra og kennarafélagsins lokið. Hér verður sagt frá helstu atriðum í starfsemi félagsins frá síðasta aðalfundi.

Strax um haustið var reynt að stuðla að gerð foreldrasamninga og hittist 8. bekkur út á Efra-Seli yfir pitsum og tókust samningar þar og voru allir sammála um að það hefði tekist mjög vel til og verið gott fyrir foreldra og börn að hittast og kynnast á þennan hátt.

Formaður félagsins hefur setið allflestu fundi Fræðslunefndar og komið þar að málum sem foreldrum hefa verið hugleikin eins og t.d. matseðlunum sem nú hafa litið dagsins ljós og allir eru mjög ánægðir með.

Okkur barst bréf frá nemendaráði með ósk um átak gegn reykingum. Okkur þótti sjálfsagt mál að bregðast við því enda um gott málefni að ræða. Var ákveðið að fara í samstarf með Vímuvarnarnefndinni. Hafði ég samband Krabbameinsfélagið og fékk tvo fyrirlesara til að koma og tala við krakkana um afleiðingar og skaðsemi reykinga og einnig var boðið upp á mjög svo áhugaverðan fyrirlestur fyrir fullorðna. Það voru sorglega fáir fullorðnir sem mættu. Skólahjúkrunarfræðingur var einnig með viðtöl við nemendur og sýnd voru myndbönd í skólanum, unnin verkefni og gerð könnun á reykingum nemenda í þessu átaki.

Öskudagur var hefðbundinn. Grímuball var haldið með pompi og prakt og var frábær aðsókn. Anna Ásmundsdóttir stóð sig frábærlega sem kynnir og Ásta Guðný og Halldór sáu um dansinn að vanda við miklar vinsældir. Undirbúningur sáum við Fjóla að mestu um ásamt nokkrum tenglum.

Á skólaslitunum vorum við með kaffisölu og gekk það einnig vel.

Að vanda hélt ég utan um það að það væru tveir foreldrar í gæslu á öllum diskótekum og böllum á vegum skólans. Það hefur farið þannig fram að ég hringi í tengil í einhverjum af fjórum elstu bekkjunum og þeir finna foreldra í þetta. Þannig hefur komist á ágætt skipulag og engum ofraun að standa í þessu.

Um verslunarmannhelgina hringdi Anna Ásmundsdóttir og vantaði gæslu á diskótek í félagsheimilinu. Henni datt í hug hvort Foreldrafélagið gæti nýtt sér það sem fjáröflun og verið með gæslu og selt inn. Við Fjóla drifum okkur ásamt Agnari og Margrėti á Ísabakka og seldum við inn á diskótekið 300 krónur á mann og

létum svo ágóðann renna í græjukaupasjóðinn. Alls gáfum við hundrað þúsund í græjusjóðinn. Græjurnar eru nú komnar á góðan stað og virka feikna vel.

Við höfum notað fréttabréfið til að koma ýmiskonar gagnlegum upplýsingum til foreldra og hefur verið gaman að fylgjast með áskorunarleiknum og lesa hvað foreldrar skrifa og sjá hvað þeim er hugleikið. Spannandi framhaldslesning í hverjum mánuði.

Nú í haust tók ég svo þátt í tveimur fundum sem skólinn stóð fyrir. Sá fyrri var 16. september og var skólafærninámskeið fyrir 1. bekk og svo 18. september var kynningarfundur fyrir alla foreldra. Fékk ég þarna ágætt tækifæri til að kynna Foreldrafélagið, tilgang þess og starfsemi.

Í haust kom ósk frá Jóhönnu skólustjóra um hvort við gætum tekið að okkur gæslu á opnu húsi, eitt foreldri í senn og urðum við við því og er notað sama fyrirkomulag við skipulag á því og á diskótekum. Flestir foreldrar hafa mjög gaman af því að koma í gæslu og skemmta sér ekki síður en krakkarnir og er það mjög jákvætt fyrir alla að geta verið saman og haft gagn og gaman af.

Þann 15. október fengum við Stefán Karl leikara til að koma og halda fyrirlestur um einelti og buðum við Skeið og Gnúpverjum og Tungnamönnum til að koma líka. Fjölmenni var á fyrirlestrinum eða um 200 manns. Foreldrafélagið var með kaffisölu í hléi og var það góð fjáröflun. Tenglar í 1. til 6. bekk hjálpuðu okkur við baksturinn.

Þar sem félagið er fjársterkt var ákveðið að gera eitthvað fyrir alla og keyptum við 11 fótbolta, með góðri aðstoð Kristleifs, og gáfum svo hverjum bekk 1 bolta sem hægt er að nota í frímínútum. Vonum við að þetta verði hvetjandi fyrir krakkana að drífa sig út í frímínútum og hreyfa sig.

Fyrir viku síðan fengum við fyrirlesara frá Heimili og Skóla til að koma og vera með námskeið fyrir tengla. Aftur buðum við nágrennasveitum að vera með og var góð mæting á það og gaman að sjá að tenglar úr öllum bekkjum gátu komið. Það urðu ágætir umræður um jákvæðni og neikvæðni foreldra til foreldrastarfs og þá erfiðleika sem kennarar standa stundum í á haustin við að fá foreldra til að gefa sig í tenglastarf. Allir foreldrar sem hafa gefið sig í tenglastarfið með jákvæðu hugarfari segja þetta skemmtilegt starf og ekki til að hræðast það.

Viljum við í stjórn Foreldrafélagsins hvetja alla foreldra til að hugsa jákvætt til skólans og foreldrastarfs og drífa sig í að vera

með, ekki síst barnanna vegna. Enda ég þetta á einkunnarorðum sem Foreldrafélagið setti sér í fyrra og hljóða svona: “Jákvæðara

viðhorf til skólastarfs með samvinnu allra sem að skólanum standa.,,

Fyrir hönd stjórnar:

Esther Guðjónsdóttir Sólheimum formaður

Fjóla Kjartansdóttir Birtingaholti

Einar Bjarnason Ánesi gjaldkeri

Kristín Bjarnadóttir Laxárdal

Björn Jónsson Vorsabæ ritari

Harpa Dís Harðardóttir Björnskoti

Margrét Larsen Núpstúni fulltrúi kennara

Ný stjórn Foreldrafélagsins kosin á aðalfundi 29. október 2002.

Esther Guðjónsdóttir Sólheimum Hrunhr. formaður

Sigríður Jónsdóttir Fossi Hrunhr.

Elísabet Sigurðardóttir Miðfelli IV Hrunhr.

Kristín Bjarnadóttir Laxárdal Skeið og Gnúpvhr.

Harpa Dís Harðardóttir Björnskoti Skeið og Gnúpvhr.

Vignir Svavarsson Skeið og Gnúpvhr.

Margrét Larsen Núpstúni Hrunhr. fulltrúi kennara

Vantar þig skerm á gamla lampann?

Hef til sölu vandaða handunna lampaskerma.

Einnig vörur fyrir hestafólk, t.d. úlpur, buxur, hanska, undrakambinn o.fl. Tilvaldar jólagjafir.

Komið og skoðið eftir kl. 20:00 á kvöldin

Sólveig Hallgrímsd Smiðjust.17c

S: 486-6502



Orðsending í Pésa, fréttablað Hrunamanna

Fræðslunet Suðurlands efnir til námskeiðs að Flúðum á vorönn 2003. Yfirskriftin er:

Hrunamannahreppur - land og saga

Áttahagafræði í ellefu hundruð ár

Eins og fyrrsögnin ber með sér er hér um yfirgripsmikið efni að ræða. Alls hafa verið ráðnir þrettán fyrirlesarar til að fjalla um hin fjölmörgu efni er lögð verða fram. Um er að ræða sérfræðinga á flestum sviðum (jarðfræði, gróður, staðhættir, saga og menning) og menn er gjörþekktir sveitina og sögu hennar. Um tímasetningu, nöfn fyrirlesara og heiti fyrirlestra vísast að öðru leyti í meðfylgjandi dagskrá. Enn er ekki hægt að ákveða þátttökugjöld en reynt verður að halda þeim í lágmarki. Verið er að leita eftir styrkjum úr sjóðum ráðuneyta og hjá ýmsum félagasamtökum og atvinnufyrirtækjum í Hrunamannahreppi. Nú þegar er vilýrði fyrir verulegum styrk Hrunamanna-hrepps. Boðið verður upp á ókeypis akstur frá Selfossi alla dagana á námskeiðið, brottför kl. 19:45 frá Austurvegi 56. Sambærilegt námskeið var haldið sl. vetur í Biskupstungum á vegum Fræðslunets Suðurlands. Mikil þátttaka var á því námskeiði og tókst með þeim hætti, að sjálfsagt þótti að halda áfram á sömu braut. Á næstu misserum og árum verður öðrum sveitarfélögum á Suðurlandi gefinn kostur á námskeiðum með þessum hætti.

Þeir sem óska eftir frekari upplýsingum er vinsamlega bent á að hafa samband við Jón Hjartarson s. 4805020 netf. fraedslunet@sudurland.is eða undirritaðan.

Þess má að lokum geta að námskeiðið verður rækilega kynnt í sunnlenskum fjölmiðlum í byrjun janúar 2003.F. h. Fræðslunets Suðurlands

Frá Björgunarfélaginu Eyvindi:

Árleg jólatréssala björgunarfélagsins fer fram í húsi björgunarfélagsins

sunnudaginn 15. desember frá 13:00 til 18:00. Margar tegundir trjáa í boði.

Fréttir frá félaginu:

Vetrarstarfið er hafið að nýju og margt að gerast. Vinnukvöld eru byrjuð og eru þau alltaf á mánudagskvöldum kl. 20:30. Nýir og gamlir félagar, endilega kíkið í húsið og takið þátt í öflugum og skemmtilegu starfi.

Flúða - Taxi

Nýr bíll, meiri þægindi !

Sími: 8 68 64 06

3 herbergja bílskúrsíbúð til leigu frá áramótum.
upplýsingar hjá Danna og Gunn á Efra-Seli S:486 6494

Til sölu gamli leigubíllinn. Volkswagen Caravelle árgerð 1993.
Mikið ekinn en í góðu lagi, á nýjum vetrardekkjum.
Upplýsingar hjá Danna á Efra-Seli 486-6494

Jólastjörnusala Gullfoss.

Eins og undanfarin ár mun Kiwanisklúbburinn Gullfoss selja jólastjörnur til styrktar góðum málefnum.

Allur ágóði þetta árið mun renna til styrktar Jóni Hjalta Sigurðssyni frá Skollagróf, sem þrátt fyrir þverrandi sjón heldur ótrauður áfram sínu menntaskólanámi.

Salan nú fer fram dagana 20-27. nóvember og vænta klúbbfélagar þess að velverði tekið á móti þeim eins og jafnan hefur verið.

Verðið er það sama og mörg undanfarin ár.
Kíwanísklúbburinn Gullfoss

SNYRTISTOFA Á FLÚÐUM

Hef opnað snyrtistofu á Flúðum,
boðið er uppá allar helstu meðferðir

Hef einnig til sölu húðvörur frá
GUINOT fyrir bæði andlit og líkama

Tímamantanir í síma 566-8342
og 897-3741

Spennandi jólatilboð á vörum frá
GUINOT.

Gjafakort - tilvalin til jólagjafa.

Sérstök andlitslína fyrir herra.

Hlíf Sig. Högnastíg 1

Hrunaspjall

Fregnir fræðsla og tilkynningar úr Hrunaprestakalli

Helgihaldið framundan:

Messa í Hruna 24. nóvember kl.11

Kirkjuskóli á hverjum laugardegi í Hruna kl.11
Mikil og góð þátttaka,

Kyrrðarstund:

Í Hrepphólum 17. nóv. kl 20:30

Aðventuhátíð verður í Félagsheimili Hrunamanna
sunnudagskvöldið 1.des.

Tekin var sameiginleg ákörðun um það af hálfu stjórnar kvenfélags
og þeirra sem fara með kirkjumálin að búa til einn sameiginlegan
fjölskyldudag og vonum við að sem flestir sameinist um að nýta
hann hér heima, mæti á basar um miðjan dag og síðan á
aðventuhátíð um kvöldið. Þar verður vönduð dagskrá með
hefðbundnu sniði

Meðal annars má geta þess að báðir barnakórarnir munu syngja, Yngri barna kór og Skólakór Flúðaskóla. Alls eru þarna á ferð um 80 börn. Allt verður þetta nánar auglýst þegar nær dregur.

Úr kirkjubókinni.

Skírnir:

14. apríl var **Hlynur** skírður heima í Birtingarholti. Hann er fæddur 4. mars 2002.

Foreldrar hans eru Héðinn Þór Gunnarsson og Ragnheiður Guðný Magnúsdóttir (frá Birtingaholti) Hrísríma 5 Reykjavík

9. maí var **Margrét Lilja** skírð í Hrunakirkju. Hún er fædd 18. febrúar 2002. Foreldrar Axel Thorsteinsson og Heiða Snorradóttir Garðastíg 7 Flúðum.

4. júlí var **Róbert Valur** skírður í Hrunakirkju. Hann er fæddur 8. október 2001.

Foreldrar: Sólberg Viðarson og Júlía Valsdóttir Laugum.

14. júlí var Aron skírður í Hrunakirkju. Hann er fæddur 10. maí 2002.

Foreldrar: Kristján Sætran Bjarnason og Lára Bryndís Pálmarsdóttir (áður Vesturbrún 15) Búsett á Akranesi.

Hjónavígslur:

19. apríl voru **Eva Marín Hlynisdóttir og Sveinn Hannes Sveinsson** gefin saman í Hrunakirkju. Heimili þeirra er Hrafnkelsstaðir 2.

15. júní voru **Íris Guðrún Sigurðardóttir og Valgarður Lyngdal Jónsson** gefin saman í Hallgrímskirkju í Saurbæ. Heimili þeirra er Högnastígur 48 Flúðum.

Framhaldið kemur í næsta páska.

Bestu kveðjur Eiríkur Jóhannsson

Frá Versl. Grund Flúðum.

Opnunartími er sem hér segir:

Mánud-fimmtud.	Kl: 8:30-19:00
Föstudaga	Kl: 8:30-20:00
Laugardaga	Kl: 10:00-20:00
Sunnudaga	Kl: 11:00-17:00.

Opnunartími Bókasafns Hrunamanna!!!

Mánudaga	Kl: 20 – 21
Þriðjudaga	“ 16 – 18
Miðvikudaga	“ 16 – 18
Fimmtudaga	“ 16 – 18

Heitt á könnunni. Bókavörður

JÓGA

Jóga tímar í Félagsheimili Hrunamanna, Stjörnusal,
Þriðjudags og fimmtudagskvöld.
Upplýsingar og skráning hjá Aðalheiði S: 486-6777

Athugið!!!!!!

Læknir frá Heilsugæslustöðinni í Laugarási
verður til viðtals í Heimalandi kl 14:00
fyrsta fimmtudag í hverjum mánuði í vetur.

Frá námskeiðanefnd Kvenfélagsins!!!!

**Jólafundurinn verður haldinn í Félagsheimili Hrunamanna
miðvikudaginn 4. des, og hefst kl.20:30.
Mætum allar og njótum kvöldsins.
(ath.verður ekki auglýstur síðar nema í símaboðun).**

Frá Kór Flúðaskóla!!!!!!!!!!!!!!

Mánudaginn 4. nóv. s.l. efndi kórinn til
flösku og dósasöfnunnar í hreppnum til
styrktar væntanlegri ferð sinni til Budapest.
Er skemst frá því að segja að viðtökur voru
mjög góðar og söfnuðust um 115.þúsund.
Kórinn vill koma á framfæri innilegu
þakklæti fyrir þennan frábæra stuðning.
Í byrjun næsta árs hyggjumst við
vera aftur á ferðinni í sömu erindagjörðum,
- og ef þið viljið losna við flöskur fyrir
jólin, þá er hægt að hafa samband við
einhvern af undirrituðum:
Hjálmur 486-6784
Gísli 486-6742
Grímur 486-6683

Bestu kveðjur Kór Flúðaskóla

Árið 2002, 16. október kl. 14.00 hófst fundur í hreppsnefnd
Hrunamannahrepps að Akurgerði 6.
Eftirtaldir sátu fundinn; Sigurður Ingi Jóhannsson, Eiríkur Ágústsson,
Ragnar Magnússon, Unnar Gíslason og Borgþór Vignisson.

Oddviti setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Oddviti
óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Unnar gerði
athugasemd um að fundarboð hefði mátt berast fyrr.

Oddviti bar fram dagskrárbreytingartillögu þess efnis að liður
nr. 1 í boðaðri dagskrá færist aftast og verði nr. 12 í dagskrá.
Samþykkt samhljóða.

4. fundur Veitustjórnar, haldinn 7. okt. 2002.

Rætt um stýrikerfi veitunnar sjá dagskrárlíð 7. Í fundargerðinni. Fundargerðin
lögð fram.

10. verkfundur vegna byggingar leikskóla, haldinn 10. okt 2002.

Fundargerðin lögð fram.

Fundur Umhverfis-, skipulags og umferðarnefndar (USU) haldnir 23. sept. 2002 og 1. okt. 2002.

Varðandi bókun í dagskrárlið nr. 3 í fundargerð dags. 23.sept. varðandi mülun á malarslitlagsefni, þá felur hreppsnefnd sveitarstjóra að kanna hvaða áform Vegagerðin hefur um mülun í hreppnum á næstu mánuðum. Hreppsnefnd fagnar ákvörðun USU nefndarinnar um að heiðra þá aðila sem skarað hafa fram úr í átaksverkefninu Fegurri sveitir. Fundargerðirnar lagðar fram.

Þingmenn Suðaurlandskjördæmis – fundarboð 22. október 2002.

Oddviti hvatti sveitarstjórnarmenn til að mæta á fund þingmanna. Sigurður Ingi gerði grein fyrir umræðum og undirbúningi sem fram fór á Oddvitafundi Laugaráslæknishéraðs í gær þar sem fundur þingmanna var undirbúinn.

Samtök hernámsaðstæðinga – kjarnorkuvopnalaust sveitarfélag.

Hreppsnefnd vísar til fyrri bókunnar frá 6. fundi hreppsnefndar 13. mars sl. Sem hljóðar svo:
Hreppsnefnd Hrunamannahrepps tekur undir að kjarnorkuvopn séu ógn við líf á jörðinni. Að öðru leyti vísast til stefnu Ríkistjórnar Íslands um að Ísland sé kjarnorkuvopnalaust landsvæði. Samþykkt samhljóða.

97. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn 3. okt. 2002.

Fundargerðin lög fram.

Sorpstöð Suðurlands, endurskoðuð fjárhagsáætlun dags. 7. okt. 2002.

Endurskoðuð fjárhagsáætlun Sorpstöðvar Suðurlands 2002 lög fram.

58. fundur stjórnar Skólaskrifstofu Suðurlands.

Fundargerðin lögð fram.

220. fundur stjórnar Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands 17. sept. 2002.

Fundargerðin lögð fram.

46. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands, haldinn 17. sept. 2002.

Fundargerðin lögð fram.

356. og 357. stjórnarfundur SASS, haldinn 17. sept. 2002 og 2. okt. 2002.

Fundargerðirnar lagðar fram.

Úrskurður Óbyggðarnefndar vegna Þjóðlenda sem féll 21. mars 2002, afréttur Hrunamanna og Hrunaheiðar, Ólafur Björnsson hrl. mætir á fundinn.

Hér mætti Ólafur Björnsson hrl. á fund hreppsnefndar og bauð oddviti hann velkominn.

Sigurður Ingi gerði grein fyrir umræðum um þetta mál sem fram fóru á Oddvitafundi Laugaráslæknishéraðs í Árnosi í gær.

Ólafur Björnsson fór yfir úrskurð Óbyggðanefndar frá 21. mars 2002. Í úrskurðinum viðurkennir Óbyggðanefnd að allar jarðir innan marka Hrunamannahrepps héldu landi sínu innan þinglýstra landamerkja, en afréttarland hreppsins var gert að þjóðlendu. Jafnframt voru Hrunaheiðar gerðar að þjóðlendu og taldar afréttarland Hrunakirkjujarðar.

Í úrskurðinum er Hrunamannahreppi einungis úrskurðað til greiðslu hluta af lögfræðikostnaði sveitarfélagsins. Með vísan til 19. greinar laga um þjóðlendur þá er hægt að vísa til úrskurðar dómstóla hverri þeirri kröfu sem gerð hefur verið fyrir Óbyggðanefnd.

Nokkrar umræður urðu um úrskurðinn og lagalega stöðu einstakra svæða innan hreppsins og einnig um stöðu einstakra mála í nágrennasveitarfélögum Hrunamannahrepps.

Hreppsnefnd er sammála um að skjóta til dómstóla málskostnaðarúrskurði Óbyggðanefndar í Þjóðlendumálinu nr. 5/2000, Hrunamannafréttur og efstu lönd í Hrunamannahreppi, og gera þar kröfu um að sveitarfélagið verði skaðlaust af rekstri málsins. Samþykkt samhljóða.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir að Fjármálaráðstefna Sambands ísl. Sveitarfélaga verður haldinn 6. og 7. nóvember nk. Jafnframt að Hreppsnefnd Hrunamannahrepps hefur fengið fund með fjárlaganefnd Alþingis þann 29. október nk. kl. 10:45.

Fundargerð upplestin. Oddviti óskaði eftir athugasemdum við fundargerð. Engar athugasemdir gerðar. Fundargerð samþykkt, fundi slitið kl. 16.00.

Árið 2002, 6. nóvember kl. 14.00 hófst fundur í Hreppsnefnd Hrunamannahrepps að Akurgerði 6. Eftirtaldir sátu fundinn; Sigurður Ingi Jóhannsson, Eiríkur Ágústsson, Ragnar Magnússon, Unnar Gíslason og Borgþór Vignisson.

Oddviti setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Oddviti óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar við fundarboð.

9. fundur Fræðslunefndar Flúðaskóla haldinn 28. október 2002.

Varðandi dagskrárlið nr. 5. í fundargerð Fræðslunefndar þá er hreppsnefnd jákvæð fyrir þeirri vinnu sem fram fer varðandi skoðun starfsmanna Flúðaskóla á skólastarfi erlendis.

Hreppsnefnd er sammála um að fela oddvita, sveitarstjóra og formanni fræðslunefndar að ræða frekar við yfirstjórn Flúðaskóla varðandi framhald þessa máls, og frestar afgreiðslu til næsta fundar hreppsnefndar. Samþykkt samhljóða.

Varðandi dagskrárlið nr. 6 um að kostnaður vegna gæslu fulltrúa foreldrafélagsins við félagsstarf renni sem styrkur til foreldrafélagsins þá samþykkir hreppsnefnd samhljóða þessa tilhögun.

Að öðru leyti er fundargerðin lögð fram.

Fundur Umhverfis og skipulagsnefndar USU 10. okt. 2002.

Fundargerðin lögð fram.

12. fundur Byggingarnefndar uppsveita Árnassýslu haldinn 29. okt. sl.

Fundargerðin lögð fram og samþykkt.

Oddvitafundur Laugaráslæknishéraðs haldinn í Árnasi 15. október 2002.

Fundargerðin lögð fram.

Vatnstankur í Langholtsfjalli – heimild til útboðs.

Hreppsnefnd er sammála um að fela sveitarstjóra að auglýsa útboð á miðlunargeymi í Langholtsfjalli.

Ósk stjórnar Félagsheimilis Hrunamanna um viðræður vegna rekstur félagsheimilis.

Sveitarstjóri skýrði viðskipti hrepps og Félagsheimilis. Eiríkur Ágústsson gerði grein fyrir rekstri Félagsheimilisins og helstu útgjöldum vegna rekstursins. Ljóst er að stjórn Félagsheimilis glímur við mjög erfiða lausafjárstöðu auk þess sem umtalsverð viðskiptaskuld er við Hrunamannahrepp.

Oddviti lagði fram tillögu um að boðað yrði til eigendafélagsfundar sem fyrst. Samþykkt samhljóða.

Heimasíða Hrunamannahrepps – drög að aðgerðaráætlun.

Hér mætir á fund hreppsnefndar Þórður Höskuldsson frá fyrirtækinu Vefur Samskiptalausnir ehf., og bauð oddviti hann velkominn. Fyrir fundinum liggja ákveðnar tillögur varðandi fyrirhugaðan vef og veftré. Þórður gerði grein fyrir hugmyndum varðandi vefinn og uppsetningu hans. Hér vek Þórður af fundi hreppsnefndar.

Hreppsnefnd er sammála um að ganga að tilboði frá Vefur Samskiptalausnir dagsett 20.10.2002 kr. 585.183.- auk VSK. Samþykkt samhljóða.

Dagskrá Fjármálaráðstefnu Sambands ísl. sveitarfélaga haldinn á Hótel Sögu 7.-8. nóv. nk.

Dagskráin lögð fram.

Samgöngugjöfing SASS haldið á Hótel Selfossi 15. nóvember nk.

Dagskrá þingsins lögð fram.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, útreikningur á tekjujöfnunarframlagi 2002.

Lagt fram.

Bréf fimm nemenda í 9. bekk Flúðaskóla vegna körfuboltavallar.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir lóðarframkvæmdum við Flúðaskóla. Sveitarstjóra falið að svara erindinu.

Umsókn um garðyrkjulóð.

Lögð fram umsókn um lóð frá Benedikt Ó. Ásgeirssyni og Hönnu B. Grétarsdóttur dags. 9. okt. sl. Nauðsynlegri vegagerð á þessu svæði er ekki lokið og því er sveitarstjóra falið að ræða frekar við bréfitara og fá upplýsingar um áform þeirra.

Erindi Hrunamannahrepps til Fjárlaganefndar.

Oddviti og sveitarstjóri fóru á fund Fjárlaganefndar þann 29. október sl. Erindi Hrunamannahrepps lagt fram.

47. fundargerð Heilbrigðisnefndar Suðurlands haldinn 16. október 2002.

Fundargerðin lögð fram.

Félagsfundur Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands 9. október 2002.

Fundargerðin lögð fram.

221. fundur stjórnar Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands haldinn 11. okt. 2002.

Fundargerðin lögð fram.

59. fundur stjórnar Skólaskrifstofu Suðurlands haldinn 30. okt. 2002.

Fundargerðin lögð fram.

Erindi frá eMax ehf.

eMax ehf. hefur óskað eftir samstarfi við Hrunamannahrepp um uppsetningu loftnets og þráðlauss sambands fyrir tenginu við Internetið. Sveitarstjóra falið að ræða við forsvarsmenn fyrirtækisins.

Fundargerð upplestin. Oddviti óskaði eftir athugasemdum við fundargerð. Engar athugasemdir gerðar. Fundargerð samþykkt, fundi slitið kl. 18.15.

Tilkynning frá húsnefnd Félagsheimilis Hrunamanna.

Um síðustu mánaðarmót varð sú breyting að Sigríður Eiríksdóttir, Sóleyjarbakka tók við húsvarðarstöðu á móti Kari. Koma þær til með að skipta stöðunni á milli sín.

Húsverðirnir eru með GSM síma og er númerið 893-6610.

Þeir aðilar sem skulda einhverja húsaleigu eru vinsamlega beðnir um að greiða hana snarlega þar sem fjárhagsstaða félagsheimilisins er verulega bág.

F.h húsnefndar

Eiríkur Ágústsson.

Atvinna

FLÚÐALEIÐ ehf.

Óskum eftir meiraprófsbílstjóra á leiðina

Flúðir-Reykjavík, Reykjavík-Flúðir

Upplýsingar gefur Pálmar: 892-2370

eða 486-6685.

Tombóla - Tombóla.

Fyrsta sunnudag í aðventu, sem er 1. Desember, verður hin árlega tombóla og kökubasar Kvenfélagsins í Félagsheimili Hrunamanna kl. 13:30.

Einnig stendur þeim, sem áhuga hafa á því að selja einhvern varning, til boða pláss.

Þeir sem vilja styrkja Kvenfélagið og gefa muni á tombóluna og/eða kökur á kökubasarinn, geta komið því til nefndarkvenna við tækifæri, eða í Félagsheimilið laugardaginn 30.nóv frá kl. 10:00 og eitthvað fram eftir degi. Einnig sunnudag 1. des frá kl. 10:00.

Þennan sama dag verður Kvenfélagið með vöffur, súkkulaði og kaffi til sölu í Félagsheimilinu eins og vant er.

Fjáröflunarnefnd Kvenfélagsins
Elísabet í Miðfelli S: 486-6703
Ólöf í Götu S: 486-6689
Jóna í Áshlíð S: 486-6569
Aðalheiður Akurg.3. S: 486-6777

Ég set hérna í Pésann sýnishorn af forðagæsluskýrslu, sem búið er að fylla út eins og bændur eiga að skila henni til baka til búfjárefntirlitsmanns.

Töflur 2 og 3 eru í Bændablaði, sem kom út 29. okt.s.l. Skyggða reiti á búfjárefntirlitsmaður að fylla út.

FLÚÐALEIÐ ehf.

Vöruflutningar

ferðaáætlun

Þriðjudaga - fimmtudaga - föstudaga
brottför frá VM kl 15:00

Frá: **VM-Flytjanda** flutningamiðstöðinni.
Klettagörðum 15, Reykjavík.

VINSAMLEGAST PANTIÐ DEGI ÁÐUR

Pálmar: 892-2370 Birgir Þór: 892-2371

Heimasími: 486-6685 Fax: 486-6693

Netfang: fludal@binet.is

Flytjandi

- á réttri leið

nóv “02. **Öll eyðublöðin.**

Búfjárefntirlitsmaður verður til viðtals á Hreppsskrifstofunni miðvikudag 20. nóv frá kl. 9:30 – 13:00.

Með kveðju

Steinar Halldórsson

A.t.h. í uppskeru á að miða við 100% þurrefni í heyi og 85% í korni. Munið að skila skýrslu í síðasta lagi 20.

Frá Badmintondeild UMFH.

Fjáröflun.

Eins og undanfarin ár hefur deildin til sölu WC – pappír Og eldhúsrúllur. Verðið er kr. 2.200, fyrir 64. Stk af WC og sama verð fyrir 32. stk af eldhúsrúllum.

Ef keyptar eru 2.pk. ein af hvoru, er gefin 400 kr. afsláttur Þá munu börn úr deildinni ganga í hús í nóvember

og selja happdrættismiða.
Í vinning eru veglegir ferðavinningar o.fl.

F.h. Badmintondeildar.

Reynir Guðmundsson S: 486-6777
Akurgerði 3

FLÚÐABÍÓ.

Mr. Deeds

Sunnudaginn 17. Nóvember kl. 20:30

Drepfyndin gamanmynd með Adam
Sandler og Winon Reyder í
aðalhlutverkum.

**Nú er sko kominn tími til að
skella sér í Flúðabíó**



Hátíðlegt jólahlaðborð

7. desember

**Enginn annar en
*Bergþór Pálsson***

kemur og mun fylla okkur af gleði.

Komdu og leyfðu okkur að
stjana við þig og þína.

Pantanir í síma 486-8915

Netfang:

geysir@geysircenter.is

Verð kr. 4.900

**30. nóv. og 14.
des**



Aðeins kr. 4.900

Pantið í tíma

það verður

svo gaman

486-8915

Bergþór Risi í fordrykk ÚÚÚÚÚ

rá Bókasafni Hrunamanna

Bækur

Bækur

Bækur

Nú eru jólabækurnar farnar að tínast inn!

Sólar Saga eftir Sigurbjörgu Þrastardóttur en bókin fékk bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar í ár.

Don Kíkóti eftir Cervantes, fyrra bindið í sögunni um frægasta vindmyllubardagamann bókmenntanna.

Umkomulausi drengurinn eftir David Pelzer en þar heldur hann áfram að lýsa hörmungum barnæsku sinnar.

Óvinurinn eftir Emmanuel Carrere, sönn frásögn sem lýsir því hversu auðvelt er að festast í vefi svika og lyga en erfitt að losna.

Eyðimerkurdögun eftir Waris Dirie, sjálfstætt framhald metsölubókarinnar *Eyðimerkurblómið*.

Væntanlegar eru: *Röddin* eftir Arnald Indriðason, *Hellapjóðin* eftir Jane Auel, *Bridget Jones á barmi taugaáfalls* eftir Helen Fielding og fleiri og fleiri.

Bókavörðurinn mælir með:

Konur með einn í útvíkkun fá enga samúð:

Fæðingarsögur íslenskra kvenna.

Bók fyrir alla sem eiga börn, eru að fara að eignast börn, vilja eignast börn og þá sem ekki hafa eignast börn en vilja vita hvernig það er.

Bókavörður

Þið eigið inni þakkið!!!

Okkur langar að senda öllum foreldrum og forráðamönnum nemenda í Flúðaskóla, kærar þakkir fyrir þá peningafjárhæð sem okkur hefur verið gefin til kaupa á hljómflutningstækjum. Við höfum nú fest kaup á veglegum tækjum sem við munum nota á opnum húsum, diskótekum, böllum, árshátíðum og öllum öðrum uppákomum þar sem þörf er fyrir slík tæki.

Það er frábært að fá svona tæki í hendurnar, bæði til að læra á og nota í leik. Hafið kærar þakkir.

Í leiðinni sendum við Árna Hjaltasyni kærar þakkir fyrir jákvæðni hans og velvild í okkar garð en hann lánaði okkur hljómflutningstæki á öll diskótek sem haldin voru á vegum Flúðaskóla í fyrravetur.

Svo minnum við bara á að öllum foreldrum og forráðamönnum er velkomið að taka þátt í félagsstarfi hjá okkur í 7. -10 bekk en við erum með opið hús á fimmtudögum og diskótek einu sinni í mánuði.

Kíkið við!

Bestu kveðjur,

nemendur Flúðaskóla,
stjórnendur Flúðaskóla,
umsjónarmaður félagslífs.

“Bráðum koma blessuð jólin”!

Ekki er ráð nema í tíma sé tekið.

Hef til sölu ýmis gjafakort í fallegum jólaumbúðum.

Tilvaldar jólagjafir sem veita vellíðan.
Upplýsingar gefur Else í síma 690-6024

VÖRÐUKÓRINN

Ítalskt matar- og menningarkvöld

Nuddstofan hjá Elsu

Félagsheimilinu Árnesi 23. nóvember.2002

Hátíðin hefst með fordrykk kl. 20.00

Vörðukórinn mun flytja nokkra frægustu kóra óperubókmenntanna eftir Verdi, auk annarra ítalskra perla

Stjórnandi: Stefán Guðmundsson.

Píanóleikari: Katrín Sigurðardóttir.

Auður Haralds blaðamaður og rithöfundur er gestur kvöldsins og mun segja frá Ítölum fyrr og síðar.

Matseðill:

Kjúklingabringur að hætti Ítala

Kaffi og Tirami-su.

Miðaverð kr. 3.200

Fyrir 16 ára og yngri kr 1.000

Eins og áður verður ítalskri menningu gerð skil og að sjálfsgöðu er happdrættið á sínum stað.

Miðapantanir hjá Sigrúnu 4866001, Guðrúnu 4868812 og Helga 4866513 í síðasta lagi fimmtudag 21. nóvember.

Við á Hótel Flúðum erum komin í jólaskap.

Af því tilefni viljum við minna á okkar stórglæsilega jólahlaðborð.

Verð pr. fullorðinn er kr. 4.200. Börn 6 ára til 12 ára greiða kr. 1.950. Frítt fyrir yngstu börnin.

Borðapantanir eru í síma 486-6630

Leitið ekki langt yfir skammt og munið kjörorðið góða.
ETUM OG DREKKUM Í HEIMABYGGÐ-

*Sjáumst og heyrumst í jólaskapi
Verið velkomin.
Starfsfólk Hótel Flúðar.*

Hótel Flúðar Jólahlaðborð

Á hlaðborðinu er úrval girnilegra rétta og svignar það undan kræsingunum – þar má m.a.finna:

Síld og síldarrétti, reyktan og grafinn lax, kofareykta bleykju, fiskipaté,

villipaté, grafið lamb, hamborgarhrygg, jólaskinku. Kalkún, ofnsteikt lambalæri, grísasteik, purusteik, hangikjöt eplasalat, grænmeti, brúnaðar kartöflur, nýbakað brauð, laufabrauð, rúgbrauð, smjör og fleira.

Með þessu er svo tilheyrandi meðlæti, heitar og kaldar sósur og eftirréttir.